

FUNDARGERÐ

276. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

Haldinn í Efstaleiti 1, 30. október 2024 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Ingvar Smári Birgisson, Mörður Áslaugarson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Þráinn Óskarsson, Aron Ólafsson, Margrét Tryggvadóttir og Jónas Skúlason sem kom inn sem varamaður fyrir Silju Dögg Gunnarsdóttur. Marta Guðrún Jóhannesdóttir og Rósa Kristinsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Að auki sátu fundinn Anna María Benediktsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Björn Þór Hermannsson fjármálastjóri og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerð nr. 274 var lögð fram og samþykkt.

2. Kynning sviða: Fréttastofa RÚV

Heiðar Örn Sigurfinnsson fréttastjóri kynnti starfsemi fréttastofu og fyrirhugaða kosningaumfjöllun fyrir næstu alþingiskosningar.

3. Fjármál

a. Uppgjör fyrir september og fyrstu níu mánuði ársins

Fjármálastjóri kynnti uppgjör fyrir september. Afkoman var jákvæð um tæplega 10 m.kr. sem var 22 m.kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var undir væntingum. Þar vegist á nokkur atriði s.s. lægri auglýsingatekjur (aðallega í útvarpi), einskíptis gjaldfærsla í íþróttum vegna eldri birgða og lægri launakostnaður í framleiðslunni. Afkoma fyrstu níu mánuði ársins sé 145 m.kr. lakari en uppfærð áætlun gerði ráð fyrir. Að frátöldum afskriftum og fjármagnsliðum var afkoman 136 m.kr. lakari. Það sé ráðgert að taprekstur ársins verði í kringum 150-200 m.kr. en afkoman í nóvember og desember muni bæta stöðuna frá því sem nú sé.

b. Sjóðstaðan

Sjóðstaðan var neikvæð um 100 m.kr. í lok september og hafi farið smám saman batnandi frá því maí sl. Á hinn bóginn sé útlit fyrir að sjóðstaðan verði neikvæð um 220-240 m.kr. í lok október. Breytingin milli mánaða sé fyrst og fremst vegna LSR lánsins og uppgjóri vegna afturvirkni kjarasamninga. Miðað við núverandi horfur sé gert ráð fyrir að sjóðstaðan batni aftur í nóvember og desember og í árslok gæti sjóðstaðan verið neikvæð um nálægt 100 m.kr. með +/- 50 m.kr. í vikmörk. Markmiðið sé að halda áfram að bæta sjóðstöðuna þannig að hún verði jákvæð um 50-80 m.kr. í árslok 2025.

c. Stöðugildi

Stöðugildi ársins séu um fimm fleiri að meðaltali en á síðasta ári. Stöðugildin voru 273 í september en séu farin að fækka til samræmis við þær ráðstafanir sem gripið hafi verið til og hafi stöðugildi ekki verið færri síðan í ágúst í fyrra. Halda þurfi áfram að fækka stöðugildum til að koma launakostnaðinum í viðráðanlegra horf sbr. umræður fyrri funda.

d. Verktakar

Umfang verktakakaupa í ár sé meira en það hefur verið, bæði í fjölda verktaka og útgreiðslna að raunvirði, en a.m.k. síðan árið 2018. Heildargreiðslur ársins stefna í 1,1-1,2 ma.kr. sem er 100-200 m.kr. meira en að meðaltali árin 2018-2023 að raunvirði. Umfangsmiklir viðburðir í ár skýri þetta að miklu leyti en eins og áður sé mikilvægt að rýna þennan kostnað vel og meta hvort það þurfi að gera hlutina með öðrum hætti.

M. P.O. M. R. S.D.G. 1313

e. Fjárfestingar

Fjárfestingar voru 70 m.kr. undir áætlun eftir níu mánuði ársins og gróflega skotið verði þær um 80-100 m.kr. undir áætlun í lok ársins. Verið sé að lágmarka alla fjárfestingu út árið. Undirbúningur fyrir fjárfestingaráætlun fyrir næsta ár sé hafinn.

f. Kaup af sjálfstæðum framleiðendum

RÚV hafi greitt 600 m.kr. til sjálfstæðra framleiðenda fyrstu níu mánuði ársins. Það sé lítillaga minna umfang en í fyrra, en rétt sé þó að nefna að RÚV hafi þau keypt meira efni en skuldbindingar skv. þjónustusamningi gerði ráð fyrir. Frumsýnt efni frá sjálfstæðum framleiðendum sé 33% fyrstu níu mánuði ársins. Þjónustusamningurinn tiltaki að þetta hlutfall skuli vera 35% á samningstímabili samningsins. Hlutfallið var hærra á fyrri hluta ársins en lækki m.a. í ljósi þungra íþróttaviðburða í sumar.

g. Birgðir

Birgðir hafa aukist lítillaga á yfirstandandi ári en birgðirnar hafa að nafnvirði verið 4-500 m.kr. umfram birgðabakið í ár. Með því að hægja á kaupum og gerð samninga á nýju efni og með sýningu á nýjum seríum þá næst vonandi að draga úr birgðum á komandi mánuðum.

4. Minnispunktar útvarpsstjóri

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir væntanlegri kosningaumfjöllun RÚV, vegna alþingiskosninganna í lok nóvember. Í samræmi við hlutverk og skyldur RÚV væri umfjöllunin ítarleg, í sjónvarpi, útvarpi og samfélagsmiðlum sem og á sérstökum kosningavef. Stuttur aðdragandi hefði verið að þessum kosningum en þrátt fyrir það yrði umfjöllunin með hefðbundnu sniði m.a. með viðtölum við forystufólk þeirra flokka sem væru í framboði, sérstökum kjördæmafundum, málefnaþáttum og málefnaumfjöllun þvert á miðla svo fátt eitt væri nefnt. Leiðtogaumræður í sjónvarpssal verða 1. nóvember nk. sem og kvöldið fyrir kjördag og kosningavaka verði með hefðbundnu sniði. Reglur RÚV um tilhögun umfjöllunar fyrir alþingiskosningarnar hefðu þegar verið gefnar út sem og reglur RÚV um frambjóðendakynningu í tengslum við kosningarnar.

Þá gerði útvarpsstjóri grein fyrir norrænum útvarpsstjórafundum sem haldinn hefði verið í Kaupmannahöfn fyrr í mánuðinum. Samstarf milli norrænu almannathjónustumiðlanna sé víðtækt, m.a. í gegnum Nordvision þar sem N12, BÖRN 15 og NEW8 samstarfið væri í forgrunni um sameiginlega framleiðslu á sjónvarpsþáttaröðum milli landanna og sýningu þeirra í löndunum öllum. Á þessum fundum sé farið yfir stöðu mála almennt og rétt um önnur mál sem séu ofarlega á baugi hverju sinni. Norrænu útvarpsstjórafundirnir verða haldnir á Íslandi á næsta ári.

Útvarpsstjóri gerði grein fyrir vel heppnuðu útvarpsþingi sem haldið var 3. október sl. undir yfirskriftinni fjölmiðlar og fræðsla. Þá hefði EBU Academy staðið fyrir alþjóðlegri vinnustofu í Efstaleiti í síðustu viku þar sem fjallað var um fræðslumál á vettvangi almannathjónustumiðla þar sem m.a. var fjallað um gervigreind. Þá greindi útvarpsstjóri frá heimsókn sérfræðinga frá lettneska fjármálaráðuneytinu sem voru hér á landi til að kynna sér starfsemi og stjórnaðhætti opinberra fyrirtækja.

Útvarpsstjóri gerði loks grein fyrir því að langbylgjuútsendingum hefði verið hætt í mánuðinum, í samræmi við ákvæði í þjónustusamningi.

Að síðustu vakti útvarpsstjóri athygli á því að ný þáttaröð af Stundinni okkar – Tökum á loft – væri komin í loftið og hefði hlotið góðar móttökur hjá yngsta aldurshópnum, en Stundin okkar sé sá dagskrárlíður sem einna lengst hafi verið á dagskrá samfellt í sjónvarpinu.

5. Skipurit Ríkisútvarpsins

Útvarpsstjóri kynnti á ný tillögu að nýju skipuriti Ríkisútvarpsins, en drög að því voru lögð fram og kynnt á fundi stjórnar í lok september. Markmiðið með nýju skipulagi sé að það sé skýrt, endurspegli

M. Pío - ant Rle DÍT SDG 1313

hlutverk og ábyrgð hveurrar einingar og sé í fullu samræmi við markmið og áherslur í stefnu RÚV 2022 – 2026. Útvarpsstjóri gerði grein fyrir helstu breytingum sem í nýju skipulagi felast og að áfram væri gert ráð fyrir því að minni breytingar, t.d. staðsetningar einstakra verkefna í skipulagi, gætu og myndu breytast í samræmi við áherslur hverju sinni, í tengslum við hagræðingu eða af öðrum ástæðum. Unnið verður að innleiðingu breytinganna áfram og gert ráð fyrir því að nýtt skipulag taki endanlega gildi um næstu áramót. Stjórn staðfesti einróma fyrirbyggjandi tillögu að nýju skipuriti RÚV.

6. Önnur mál

Fundi slitið.

Silja D. Gunnarsdóttir, - sēð

Margrét Þyggvadóttir

Diljá Ámundadóttir. Loega

þórunn Óskarsen

Rósa Karlsdóttir



Ingvaldur Bragason